



Hvolsskóli

Leikhúsfærð yngsta og miðstigs

2. mars 2009

Nú er komið að leikhúsfærð yngsta og miðstigs. Sunnudaginn 29. mars verður farið í Þjóðleikhúsið að sjá Kardemommubæinn en íbúar bæjarins eiga sér vísan stað í hjörtum íslenskra barna. Soffía frænka, ræningjarnir og Bastían bæjarfógeti, að ljóninu ógleymdu, munu ærslast sem aldrei fyrr á Stóra sviðinu! Boðskapur verksins um mikilvægi umburðarlyndis og heiðarleika á alltaf við, og vísast geta ræningjarnir þrír, Soffía frænka og aðrir íbúar Kardemommubæjar kennt okkur öllum sitthvað gagnlegt.

Leikstjóri er Selma Björnsdóttir. Nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á heimasíðu Þjóðleikhússins www.leikhusid.is

Lagt verður af stað frá Hvolsskóla kl 11:45.

Sýningin hefst kl 14:00.

Sýningu lýkur kl 16:00, áætluð heimkoma um kl 18:00.

Miðaverð kr. 2.000. – sama verð fyrir börn og fullorðna.

Rútuferð er í boði skólans.

Allir nemendur yngsta og miðstigs geta valið þessa sýningu og hvetjum við foreldra til að koma með á sýninguna.

Þeir sem ætla að koma með í leikhús 29. mars eru beðnir að skrá sig á miðann hér fyrir neðan og koma með hann í skólann ásamt greiðslu í síðasta lagi mánudaginn 9. mars (skilist til Laugu ritara).



Klippað -----

Nafn: _____ Bekkur: _____

ætlar með í leikhúsfærð 29. mars á Kardemommubæinn. Fjöldi miða: _____

Mikilvægt er að skrá líka í rútu.

Hve margir í rútu: börn _____ fullorðnir _____

undirskrift foreldris